



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Vík í Mýrdal  
13. mars 2024  
2403004

**Efni: Norður og Suður Foss**

**Skipulags- og umhverfisráð - 19 (8.3.2024)**

Málsnúmer: 2403004 – Norður og Suður Foss

Inngangur:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun um matsskyldufyrirspurnar vegna ferðapjónusta á Norður- og Suður-Fossi.

Niðurstaða:

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við niðurstöðu matsskyldufyrirspurnar um að framkvæmdin þurfi ekki að fara í gegnum umhverfismat. Ráðið vill þó benda framkvæmdaaðila á að við umfangsmiklar framkvæmdir þá sé einnig nauðsynlegt að líta til ákvæða 4. kafla aðalskipulags Mýrdalshrepps um Byggð, menningu og samfélag sem fjallar um mikilvægi þess að búsetukostir séu til staðar. Eini fyrirvarinn sem ráðið gerir við matsskyldufyrirspurnina er sá að fjöldi starfsfólks sé e.t.v. vanáætlaður m.v. umfang starfseminnar sem er fyrirhuguð.

**Sveitarstjórn - 662 (13.3.2024)**

3.1 Málsnúmer: 2403004 – Norður og Suður Foss

Niðurstaða:

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu ráðsins.

Virðingarfyllst,

  
George Friðmúselu  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps





Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun**  
**Borgartúni 7b**  
**105 Reykjavík**

Selfossi, 7. mars 2024  
2402075HS SHJ

**Efni: Ferðaþjónusta Norður og Suðurfossi í Mýrdal, nr. 0160/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd**

Þann 13. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar uppbyggingar ferðaþjónustu á Norður Fossi og Suður Fossi í Mýrdalshreppi.

Í dag er rekin gistipjónusta á jörðunum Norður Fossi og Suður Fossi í Mýrdalshreppi með samtals um 250 gistirými. Áformað er að stækka aðstöðu fyrir gistirými og veitingaþjónustu á jörðunum þannig að gjöldi gistirúma verði allt að 800 og heildarbyggingarmagn allt að 12.800 m<sup>2</sup> á um 13,2 ha svæði. Svæðið er í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og er heimild fyrir allt að 400 gistiryfum og heildarbyggingarmagn allt að 6.400 m<sup>2</sup> innan þess. Framkvæmdaraðili hefur ákveðið að tilkynna umfangsmeiri framkvæmdir en heimild er fyrir skv. gildandi aðalskipulagi þar sem hann hefur áform um að stækka aðstöðuna enn meir er fram líður, enda er tilgangur framkvæmdarinnar að auka gistihlutdeild sveitarfélagsins, fjölga heilsársstörfum og stuðla að því að gestir staldri lengur við í Mýrdalshreppi allan ársins hring. Framkvæmdin er ekki innan verndarsvæða vatnsverndar, hverfisverndar eða náttúruverndar, en á framkvæmdasvæðinu er að finna menningarmínjar. Þá er framkvæmdin heldur ekki á skilgreindu hættusvæði vegna náttúruvár, s.s. jökulhaupa úr Mýrdalsjökli. Í tillögunni kemur fram að frekari uppbygging ferðaþjónustunnar á Norður og Suður Fossi sé heilt yfir líkleg til að hafa í för með sér óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar, nema landslag og ásýnd þar sem áhrifin eru metin neikvæð. Þá eru áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþáttinn ferðaþjónusta og útivist metin jákvæð. Niðurstaða framkvæmdaraðila er því sú að umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðra framkvæmda séu ekki þess eðlis að þau geti talist umtalsverð í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og að framkvæmdin sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir athugasemd við að í tillögunni er ekki fjallað um áætlað magn skólps og fyrirkomulag fráveitu frá starfsemi og möguleg umhverfisáhrif losunar hreinsaðs skólps t.a.m á vatnshlot á svæðinu. Miðað við umfang framkvæmdarinnar, þ.e. bæði fyrirhugaðan fjölda gistirúma, fjölda starfsmanna sem hafa fasta og/eða tímabundna búsetu á svæðinu sem og eðli starfseminnar, þá telur embættið það

Sæll

Afsakaðu hve svör hafa dregist frá okkur.

Við höfum fengið í hendur skýrslu fornleifafræðings, Kevin Martin, sem tók fyrirhugað framkvæmdasvæði út með tilliti til fornleifa, gamalla mannvirkja og húsa á N- og S - Fossi í Mýrdal. Minjavörður mun setja fram kröfur um mótvægisáðgerðir vegna minja sem munu komast í uppnám vegna jarðrasks sökum áætlaðra byggingaframkvæmda. Ástæða þess að kröfurnar hafa ekki verið lagðar fram eru vegna flækjustígs á endanlegri hönnun og legu mannvirkja. Minjavörður er með málið í fanginu og í réttu ferli og sér því ekki ástæðu til að fara sérstaklega fram á umhverfismat. Minjavörður hefur lesið skýrslu VSÓ Ráðgjafar, „Matsskyldufyrirspurn“ og telur að þar sé tekið á málefnum minja á fullnægjandi máta.

Bestu kv.

Uggi Ævarsson

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

**Uggi Ævarsson**



Minjastofnun  
Íslands

Minjavörður Suðurlands/Cultural Heritage Manager of Southern Iceland  
Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland  
Fjölheimar | Bankavegi | 800 Selfoss  
Sími/Tel. +354 570 1316 / + 354 898 8852  
[uggi@minjastofnun.is](mailto:uggi@minjastofnun.is) / [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. mars 2024  
Málsnúmer: 202402-0050  
BK

### Efni: Ferðaþjónusta á Norður- og Suður-Fossi í Mýrdal - Matsskyldufyrirspurn

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt, dags. 13. febrúar 2024, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn vegna ferðaþjónustu á Norður- og Suður-Fossi í Mýrdal.

Rekstraraðili ferðaþjónustunnar á Norður- og Suður-Fossi í Mýrdalshreppi áformar að stækka aðstöðu fyrir gistirympi og þjónustu. Í dag eru 250 gistirympi á jörðunum en áætlað er að byggja í áföngum eitt hótél með allt að 550 gistirympum svo samtals verði á svæðinu 800 gistirympi. Stærð svæðisins helst óbreytt eða 13,2 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í greinargerðinni er farið yfir helstu þætti sem fyrirhuguð framkvæmd mun hafa áhrif á og tekur Náttúrufræðistofnun undir þá niðurstöðu að helstu neikvæðu áhrifin munu vera á landslag og ásýnd.

Stofnunin telur ekki nauðsynlegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum en þó skal bent á að athuganir Náttúrufræðistofnunar hafa sýnt að þéttleiki fugla er mikill á öllu flatlandinu norðan Dyrhólaóss. Rekstraraðilar eru því hvattir til þess að taka tillit til fuglalífs þegar kemur að framtíðaráformum og m.a. gæta þess að fjölgun gesta fylgi ekki aukin truflun fyrir fugla á varptíma.


Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar



Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Sigurður Ásbjörnsson,  
Sérfræðingur, Svið umhverfismats  
sigurdur.asbjornsson@skipulag.is



## Umsögn vegna matsskyldufyrirspurnar fyrir ferðaþjónustu á Norður og Suður Fossi í Mýrdal, Mýrdalshrepp. Mál nr. 160/2024

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar matsskyldufyrirspurn fyrir ferðaþjónustu á Norður og Suður Fossi í Mýrdal, Mýrdalshrepp sem unnið er af VSÓ ráðgjöf dags febrúar 2024.

Vegagerðin telur að með tilliti til þéttleika uppbyggingar og samsetningu vantar samgöngumat sem tekur á þáttum eins og umferðarsköpun, dreifingu umferðar og möguleg áhrif akandi umferðar á nærliggjandi tengingar og gatnamót. Vegagerðin væntir samráðs á síðari stigum skipulags vegna þeirra þátta sem snúa að starfssviði Vegagerðarinnar.

Vegagerðin bendir á umhverfismati hefur verið unnið vegna færslu Hringvegur um Mýrdal og stóð fyrir opnum kynningarfundum í janúar 2024. Umhverfismatsskýrslu vegna verkefnisins má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar og gert er ráð fyrir að álit Skipulagsstofnunar geti legið fyrir í apríl 2024.

<https://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/umhverfismat/umhverfismatsskyrslur/faersla-hringvegur-1-um-myrdal-umhverfismatsskyrsla>

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Síða 1/1

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is